

Uppfæra Street View í Vesturbyggð

Til : Vesturbyggð <Vesturbyggd@vesturbyggd.is>
Frá : Sýndarferð <eysteinn@syndarferd.com>
Heiti : Uppfæra Street View í Vesturbyggð
Málsnúmer : 2206035
Málsaðili : Eysteinn Guðni Guðnason
Skráð dags : 21.06.2022 00:00:00
Höfundur : Sýndarferð <eysteinn@syndarferd.com>

Ágæti viðtakandi.

Ég heiti Eysteinn Guðni og rek tæknifyrirtækið Sýndarferð. Félagið býður sveitarfélögum upp á að uppfæra Street View myndir á Google gegn vægu gjaldi. Ástæða þess að ég nálgast ykkur núna er að ég tók eftir að þegar Google Street View bíllinn var hér árið 2013 þá keyrði hann ekkert um Vesturbyggð.

Street View myndir eru í dag mjög mikilvægar fyrir bæði íbúa og ferðamenn. Þær nýtast við að rata um þorp og bæi, uppgvötva spennandi áfangastaði og gagnast við ýmiss konar rannsóknavinnu svo fátt eitt sé nefnt. Google hefur gefið út að það sé [ekki á dagskrá](#) að koma til Íslands á næstunni og treystir Íslendingum til að uppfæra myndirnar sjálf.

Ég er viss um að margir íbúar í Patreksfirði, Bíldudal og Vesturbyggð í heild sinni urðu fyrir vonbrygðum þegar þeir uppgvötuðu að húsið þeirra sé ekki á Google Street View. Sérstaklega hefur þetta áhrif á veitingastaði, verslanir og hótél á staðnum sem þurfa í sífellt auknum mæli að vera sýnilega á netinu. Nú gefst ykkur tækifæri á að bæta úr þessu.

Kynningarmyndbönd frá 7 löndum sem hafa uppfært sínar eigin Street View myndir:

<https://www.google.com/streetview/success-stories/>

Sýndarferð getur bætt við og uppfært myndir af:

- Götum
- Göngustígum
- Ferðamannastöðum
- Söfnum
- Sundlaugum

Til að gefa ykkur hugmynd um hvað Google Street View er mikið notað þá eru hér nokkrar tölur um heimsóknir á ljósmyndir sem ég hef tekið og birt:

- [Arnarnesvegur](#) 110.000 heimsóknir
- [Fagradalsfjall](#) 1.800.000 heimsóknir
- [Esjan](#) 159.000 heimsóknir
- [Álftaneslaug](#) 93.000 heimsóknir

Hvernig hljómar þetta? Við getum rætt hvaða svæði þið hefðuð áhuga á að bæta við. Út frá því myndi ég svo gera verðtilboð.

Það er best að taka myndir yfir hásumar og því hvet ég ykkur núna til að grípa tækifærið.

Með von um góðar viðtökur,

Kær kveðja

Eysteinn Guðni Guðnason

780 0360

www.syndarferd.com